

Vilt þú taka þátt í því að móta framtíð barna og ungmenna á Norðurlöndum?

Norræna menningargáttin auglýsir eftir ungu fólki hvaðanæva af Norðurlöndum til að starfa í **úthlutunarnefnd fyrir styrkjaáætlunina Norden 0-30**. Við leitum að ungmenum með fjölbreytta reynslu og ólík viðhorf, sem eru reiðubúin að starfa að inngildingu, sjálfbærni og samstarfi norrænu landanna. Hlutverk úthlutunarnefndar er að leggja mat á umsóknir frá samtökum sem vilja ráðast í verkefni með þátttöku barna og ungs fólks.

Áætlunin veitir styrki til verkefna með augljósa norræna vídd, sem börn og ungmennti standa að eða taka virkan þátt í. [Nánari upplýsingar um Norden 0-30](#)

Um starfið

- Starfstímabilið nær til þriggja ára (2026–2028).
- Úthlutunarnefndin fundar þrisvar á ári og tekur þá ákvarðanir um styrki (ýmist fjárfundir eða staðarfundir).
- Starfið felst í að fara yfir og meta rafrænar umsóknir og taka virkan þátt í umræðum á fundum.
- Þú færð þóknun fyrir nefndarstörf og greiðslur fyrir ferðir og uppihald þegar fundir eru haldnir í Helsinki.

Fulltrúar í úthlutunarnefndinni ákveða sameiginlega hvaða verkefni hljóta styrk, og taka jafnframt þátt í að meta árangur af þeim. Nefndin kýs sér formann og starfar óháð og á jafnræðisgrundvelli.

Við leggjum áherslu á

- Að fulltrúar í nefndinni hafi ólíkan bakgrunn hvað varðar búsetu, tungumál og reynslu.
- Færni í að tala ensku og a.m.k. eitt af skandinavísku málunum, dönsku, norsku eða sænsku. Auk þess að geta lesið umsóknir á öllum skandinavísku málunum, dönsku, norsku og sænsku.
- Búsetu á Norðurlöndum (engin krafa um ríkisfang).
- Fulltrúar í nefndinni geta ekki fengið styrk úr áætluninni á starfstímanum og verða að gæta að vanhæfi í einstaka málum.
- Umsækjendur skulu vera á aldrinum 18–30 ára.

Sækið um fyrir: 29. október 2025 kl. 21.39 að íslenskum staðartíma (23.59 að finnskum staðartíma, EET)

[Sækið um á eyðublaði hér – munið að leggja við ferilskrá](#)

Starfshópur Norrænu menningargáttarinnar velur úr hópi umsækjenda í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.